



Viðtakandi: Menningar, íþrótt- og tómstundaráð
Sendandi: Fjármálastjóri MÍR

Reykjavík, 11. desember 2024

MIR24120006

MINNISBLAÐ

Minnisblað um stöðuna á tilraunaverkefni um mannlaus skólaíþróttahús

Í ágúst 2024 var hófst tilraunaverkefni um að hafa skólaíþróttahús mannlaus milli 15:00 - 22:00 á kvöldin og um helgar.

Markmiðið með þessu verkefni er að skólaíþróttahús verði ekki fjárhagslegu baggi á skólasterfi auk þess að hægt sé að auka nýtingu mannvirkjum í eigu Reykjavíkurborgar. Með þessu er hægt að lækka kostnað þar sem að mönnum á þessum tíma er dýr og flókin. Þá hafa skólar bent á að rekstur íþróttahúsa grunnskóla á milli 16:00 og 22:00 á kvöldin og um helgar séu rekinn með tapi.

Verkefnið var prófað á þrem skólum með mismunandi áskoranir þannig að hægt sé að fá heildarmynd af umhverfinu eftir þessa tilraun. Skólarnir sem byrjuðu voru Laugarnesskóli, Hagaskóli og Selásskóli.

Alls eru það 17 íþróttahús sem stefnt er á að taki upp þetta fyrirkomulag.

Notendur húsanna eru skólar, íþróttafélög og einstaklingar sem leigja íþróttasali fyrir hópa.

Þetta nýja fyrirkomulag krefst þess að starfsfólk ÍBR sé í mjög góðum samskiptum við skólastjórnendur í viðkomandi skóla. Í þessari tilraun hafa vissulega komið upp ýmiskonar áskoranir sem reynt er að bregðast við eins fljótt mögulegt er. Þessar áskoranir eiga það flestar sameiginlegt að hægt að leysa þær með skýrum verkferlum, upplýsingum og góðum samskiptum.

Setja þurfti upp búnað í íþróttahúsin eins og aðgangsstýrðar læsingar á hurðar inn í húsin, myndavélar fyrir ofan útihurðar og myndavélar inn í íþróttasölunum.

Gerður var samningur við Öryggismiðstöðina sem samkvæmt samningum við Reykjavíkurborg sér um eftirlit með mannvirkjunum að ganga úr skugga um að hurðir og gluggar séu lokaðir eftir að leigutakar hafa yfirgefið mannvirkið, ásamt því að sjá um útköll komi eitthvað upp. Auk þess var gerður samningur um símaþjónustu milli klukkan 16:00 og 22:00 lendi leigutakar í vandræðum með að komast inn í húsin.

Íþróttabandalag Reykjavíkur gefur út aðgangskort að húsunum sem virka eingöngu þegar að viðkomandi á bókaðan tíma.

Einnig þurfa allir sem fá aðgangskort að skrifa undir samning. Þar sem að viðkomandi staðfestir að það eru þeir sem bera ábyrgð á því að ganga vel um og fylgja öllum þeim umgengnisreglum sem eru í hverju húsi fyrir sig. Viðkomandi leigutaki ber ábyrgð á



Reykjavík



húsinu og lausamunum á meðan hann hefur það á leigu og ef brot er á reglum hússins getur hann átt von á uppsögn samnings.

Myndavélar voru settar upp fyrir framan innganga að hverju húsi, inni í íþróttasölum og raflæsingar með aðgangsstýringu og rekjanleika sett á allar hurðir.

Áður en verkefnið fór af stað var gengið frá mati á persónuáhrifum, vinnluskrám fyrir vinnslu persónu upplýsinga og hagaðilar upplýstir um vinnslu mynda.

Verið er að vinna í því að koma upp skýru verklagi á milli skólanna, SFS, MÍR og ÍBR um allt sem kann að koma upp. Þá eru t.d. þrif á þessum tímum flókinn þegar það er verið að nota húsið mikið án þess að starfsmenn eru á staðnum.

